

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 5. desember 2023

Mál nr. E-1163/2023:

Elisabeth Patriarca Kruger og Karl Jóhann Garðarsson

f.h. **Hrafnkötlu Ylju Patriarca Kruger Karlsdóttur og**

Arntýs Áss Patriarca Kruger Karlssonar

(*Sigrún Ingibjörg Gísladóttir lögmaður*)

gegn

Þjóðskrá Íslands og íslenska ríkinu

(*Þorvaldur Hauksson lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var að lokinni aðalmeðferð, 14. nóvember sl., var höfðað með stefnu, birtri 14. febrúar 2023, af stefnendum, Elisabeth Patriarca Kruger og Karli Jóhanni Garðarssyni, fyrir hönd ólögráða barna sinna, Hrafnkötlu Ylju Patriarca Kruger Karlsdóttur og Arntýs Áss Patriarca Kruger Karlssonar, öll á [...] í Reykjavík, á hendur Þjóðskrá Íslands og íslenska ríkinu, Borgartúni 21, Reykjavík.

Fyrir hönd stefnanda, Hrafnkötlu Ylju, er þess krafist að felldur verði úr gildi úrskurður dómsmálaráðuneytisins, dags. 19. febrúar 2020, um að staðfesta ákvörðun Þjóðskrár Íslands, dags. 23. maí 2019, um að hafna því að stefnandi fái að bera þrjú kenninöfn, þ.e. Patriarca Kruger Karlsdóttir.

Fyrir hönd stefnanda, Arntýs Áss, er þess krafist að felldur verði úr gildi úrskurður dómsmálaráðuneytisins, dags. 16. nóvember 2022, um að staðfesta ákvörðun Þjóðskrár Íslands, dags. 20. maí 2022, um að hafna því að stefnandi fái að bera þrjú kenninöfn, þ.e. Patriarca Kruger Karlsson.

Þá gera stefnendur hvor um sig kröfu um það að stefndu verði gert að greiða þeim málskostnað að teknu tilliti til virðisaukaskatts.

Stefndu krefjast sýknu af dómkröfum stefnenda.

Þá gera stefndu kröfu um að málskostnaður verði látinn niður falla.

Ágreiningsefni og málsatvik

Þau Elisabeth Patriarca Kruger og Karl Jóhann Garðarsson eignuðust stúlkuna Hrafnkötlu Ylju 3. desember 2013 og var í janúar 2014 tilkynnt um nafn stúlkunnar til Þjóðskrár, en í tilkynningunni kom að sögn fram að stúlkan skyldi bera þrjú kenninöfn, þ.e. nánar tiltekið Patriarca Kruger Karlsdóttir. Um er að ræða tvö ættarnöfn frá móður, annað frá móðurömmu og hitt frá móðurafa, en einnig er stúlkan svo kennd við föður sinn. Engin athugasemd hafi borist frá Þjóðskrá vegna þessa.

Var það ekki fyrr en árið 2019 sem foreldrarnir komust svo að því fyrir tilviljun vegna ferðar erlendis að Patriarca hefði ekki verið skráð hjá Þjóðskrá sem kenninafn hjá Hrafnkötlu heldur sem millinafn. Með tölvubréfi foreldranna til Þjóðskrár, 22. maí 2019, var formlega óskað eftir leiðréttingu á framangreindu, en beiðninni var hafnað hinn 23. maí 2019. Ákvörðun Þjóðskrár var kærð til dómsmálaráðuneytisins, 28. júní 2019, en ráðuneytið staðfesti niðurstöðu Þjóðskrár í úrskurði sínum, 19. febrúar 2020, í máli nr. DMR19060189, með viðlíka rökstuðningi og Þjóðskrá. Á þeim tíma hafi átt sér stað umræða um breytingu á lögum nr. 45/1996 um mannanöfn („mannanafnalög“) og stefnendur því ákveðið að bíða með frekari aðgerðir að sinni. En frumvarp þess efnis sem þau væntu hefur hins vegar síðan enn ekki náð fram að ganga.

Elisabeth Patriarca Kruger og Karl Jóhann Garðarsson eignuðust síðan drenginn Arntý Ás 17. febrúar 2022 og var tilkynnt um nafn drengsins til Þjóðskrár í apríl 2022, og þar kom fram að hann skyldi bera þrjú kenninöfn, þ.e. Patriarca Kruger Karlsson. Þjóðskrá hafnaði hins vegar beiðni foreldranna um skráningu þriggja kenninafna með tölvubréfi 4. maí 2022, og var ættarnafnið Patriarca skráð sem millinafn barnsins en Kruger Karlsson sem kenninöfn, líkt og hafði áður verið gert í tilfelli systur hans.

Rökstuðningur stefnda Þjóðskrár fyrir ofangreindu er sagður byggja á 2. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1996 um mannanöfn, en Þjóðskrá gengur út frá þeirri túlkun að einungis sé heimilt að bera tvö kenninöfn samkvæmt ákvæðinu. Þessi niðurstaða Þjóðskrár var kærð til dómsmálaráðuneytisins, 20. maí 2022, ráðuneytið staðfesti síðan niðurstöðu Þjóðskrár 16. nóvember 2022 í máli nr. DMR22050179.

Stefnendur geta ekki fellt sig við þá framangreindu niðurstöðu að stjórnvöld taki einhliða þá ákvörðun að breyta af handahófi, að þau telji, einu kenninafni barnanna í millinafn. Þau sjái sér því nú ekki annað fært en að höfða dómssmál þetta enda sé um grundvallarréttindi barnanna að ræða sem m.a. varði menningararfleifð þeirra.

Stefndu vísa hins vegar til þess að ágreiningsefni málsins varði þá afstöðu stefndu að óheimilt sé að bera fleiri kenninöfn en tvö. Sú afstaða hafi legið til grundvallar ákvörðunum stefnda Þjóðskrár Íslands um nöfn stefnenda 23. maí 2019 og 4. maí 2022 er staðfestar hafi verið með úrskurðum dómsmálaráðuneytisins 19. febrúar 2020 og 16. nóvember 2022. Stefndu telja sig hér vera bundna af lögum og krefjast sýknu.

Málsástæður og lagarök stefnenda

Réttur manna til nafns njóti verndar friðhelgi einkalífs samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjórnarskrá) og 8. gr. mannréttinda-sáttmála Evrópu, sbr. lög nr. 62/1994 (MSE). Af því leiði að stjórnvöld geti ekki skert þann rétt nema til þess standi sérstök lagaheimild og brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra, sbr. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrár. Vernd friðhelgi einkalífs náí yfir eigin-, milli- og kenninöfn líkt og staðfest hafi verið í dómaframkvæmd Mannréttinda-

dómstóls Evrópu (MDE) og hafi dómstóllinn staðfest að það falli undir vernd 8. gr. MSE að fá að tengjast fjölskyldu sinni með notkun kenninafna.

Ljóst sé að nöfn manna eru einn mikilvægasti þáttur í sjálfsmynd þeirra og sé því um sérlega mikilvæg réttindi stefnenda að ræða. Ekki sé brýn nauðsyn til takmörkunarinnar vegna réttinda annarra, enda engir gagnstæðir hagsmunir hér til staðar er geti gengið framur þessum grundvallarréttindum barnanna. Öll nöfnin séu sannarlega skráð hjá stefnda Þjóðskrá og því ljóst að engin fyrirstaða sé til staðar varðandi form skráningarinnar. Slík rök gætu þó í öllu falli ekki gengið hér framur rétti barnanna.

Stefndu Þjóðskrá og dómsmálaráðuneytið hafi byggt synjun sína á 2. mgr. 8. gr. mannanafnalaga en þar segi að hver maður skuli kenna sig til föður eða móður nema hann eigi rétt á að bera ættarnafn og kjósi að gera svo. Stefnendur byggi hér á því að í ákvæðinu felist heimild til þess að bera ættarnafn, auk þess að kenna sig við föður eða móður, en að í því felist ekki takmörkun á því hversu mörg kenninöfn megi bera, a.m.k. ekki með nægilega skýrum hætti til þess að uppfylla skilyrði fyrir takmörkun á framangreindu ákvæði stjórnarskrár og MSE.

Um heimildarákvæði sé að ræða þar sem réttur til að bera ættarnafn hafi verið rýmkaður. Stefnendur byggi á því að ákvæðið kveði á um réttindi einstaklinga og að engin rök standi til að túlka slíkt ívilnandi ákvæði þröngt, einkum þar sem um grundvallarréttindi sé að ræða. Í nefndaráliti allsherjarnefndar Alþingis um frumvarp til laga um mannanöfn nr. 45/1996 (þskj. 657 og þskj. 658 – 73. mál á 120. löggjþ.) hafi verið lögð til sú breyting á 8. gr. að heimilt yrði að maður kenni sig til beggja foreldra eða beri ættarnafn sem hann á rétt til, til viðbótar því að kenna sig til föður eða móður. Í nefndarálitinu séu nefnd nokkur dæmi er feli ekki í sér tæmandi talningu á því hvernig útfærsla á kenninöfnum einstaklinga geti verið. Hvergi komi fram í nefndarálitinu að einungis verði gert heimilt að bera tvö kenninöfn. Staðfesting dómsmálaráðuneytisins á synjun Þjóðskrár hafi hins vegar m.a. byggt á því að það kæmi skýrt fram í texta nefndarálitsins að heimilt yrði að bera tvö kenninöfn en ekki fleiri. Sé þetta röng túlkun að mati stefnenda og haldi niðurstaða byggð á þessum skilningi ekki vatni.

Í nefndaráliti allsherjarnefndar komi þá fram að frumvarpið hafi gert ráð fyrir að þeir er í hlut ættu gætu haldið fullu nafni óbreyttu og niðjum þeirra yrði heimil notkun ættarnafns. Hafi nefndin lýst mikilvægi nafna fyrir einstaklinga og hversu mikilvægt væri að rýmka þann rétt til handa einstaklingum. Sérstaklega hafi verið minnst á það að eldri lög hafi valdið sárindum í fjölskyldum í umfjöllun um þá skyldu í eldri lögum að einstaklingar er borið hafi erlend nöfn hafi þurft að breyta þeim. Styrki ummælin málsástæðu umsækjenda um að 8. gr. hafi verið ætlað að rýmka rétt einstaklinga til að bera ættarnöfn og að takmarkandi túlkun stjórnvaldanna á ákvæðinu standist ekki.

Stefnendur byggi á því að börnunum skuli vera heimilt að bera bæði ættarnöfnin og þau skráð sem kenninöfn á grunni 5. mgr. 8. gr. laga um mannanöfn, en samkvæmt

ákvæðinu megi maður sem samkvæmt Þjóðskrá beri ættarnafn við gildistöku laganna eða hafi borið ættarnafn við gildistíð eldri laga bera það áfram og gildi sama um niðja hans. Móðir barnanna beri bæði ættarnöfnin samkvæmt Þjóðskrá og séu þar bæði nöfn skráð sem kenninöfn. Sé því óskýrt hvers vegna börn hennar megi ekki gera það.

Túlkunin brjóti einnig gegn samningi SP um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 18/1992 enda varði málið menningarlega arfleifð barnanna. Þannig beri móðir barnanna tvö ættarnöfn, annað frá föður, Patriarca, hitt frá móður, Kruger. Ættarnafn föður hennar sé frá Filippseyjum en móður hennar frá Þýskalandi. Það sé grundvallarréttur móður og barna að þessi menningararfleifð fylgi börnunum, enda þótt á Íslandi sé hefð fyrir því að börn séu kennd við föður, en börnin fylgi einnig þeirri menningararfleifð.

Í þessu samhengi sé bent á þá þróun hérlendis og erlendis, vegna réttindabaráttu kvenna, að börn taki í auknum mæli upp nöfn mæðra, svo sem móðir stefnenda hafi gert. Brýnt sé að túlkun laga vinni ekki gegn þróun er miði að því að jafna stöðu kynja.

Umsækjendur telji að niðurstaða Þjóðskrár og dómismálaráðuneytis geri ekki ráð fyrir fjölbreytileika samfélagsins og að með synjun beiðnanna sé börnunum mismun- að með beinum og óbeinum hætti, sbr. 65. gr. stjórnarskrár og 11. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993, enda njóti menningararfur þeirra þá ekki sömu verndar og annarra barna.

Með þeim takmörkunum sem stjórnvöldin mæli hér fyrir um séu fyrirvarsmenn stefnenda settir í þá óþægilegu stöðu að þurfa að velja á milli ættarnafna sinna. Í tilviki stefnenda hafi stjórnvöld reyndar tekið þá ákvörðun af sjálfsdáðum, þ.e. að kenninöfn barnanna væru Kruger Karlsdóttir og Kruger Karlsson, en að Patriarca væri millinafn. Þetta virðist byggja á handahófskenndri skráningu Þjóðskrár, án þess að samráð hafi verið haft við stefnendur og fyrirvarsmenn þeirra. Slíkt geti undir engum kringum- stæðum talist réttmætt og sú niðurstaða geti ekki staðið óhreyfð.

Með vísan til framangreinds byggi stefnendur á því að takmarkanir á fjölda kenni- nafna og þá slík skráning á nöfnum þeirra standist ekki grundvallarréttindi er snúi að börnum sem einstaklingum og rétti til að viðhalda menningararfleifð móður og föður.

Um lagarök vísist til 71. og 65. gr. stjórnarskrár og 8. gr. MSE, sbr. lög nr. 62/1994, til 8. gr. laga nr. 45/1996 um mannanöfn, samnings SP um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 18/1992, og 11. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993. Um aðild stefnenda vísist til 19. gr. laga nr. 91/1991, en um varnarþing vísist til 3. mgr. 33. gr. þeirra. Varðandi málskostnað vísist til XXI. kafla sömu laga, einkum 129. og 130. gr., og þá til laga um virðisaukaskatt nr. 50/1998 vegna kröfu um virðisaukaskatt á málskostnað.

Málsástæður og lagarök stefndu

Ágreiningsefni málsins varði þá afstöðu stefndu að óheimilt sé að lögum að bera fleiri kenninöfn en tvö. Sú afstaða hafi legið til grundvallar ákvörðunum stefnda

Þjóðskrár Íslands um nöfn stefnenda 23. maí 2019 og 4. maí 2022 er staðfestar hafi verið í úrskurðum dómismálaráðuneytisins 19. febrúar 2020 og 16. nóvember 2022.

Áðurgreind afstaða stefndu byggir á 2. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1996 um mannanöfn. Samkvæmt ákvæðum málsgreinarinnar er sérhverjum manni heimilt að bera tvö kenninöfn, en af því leiði að lögum samkvæmt sé þá óheimilt að bera þrjú eða fleiri kenninöfn. Ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1996 séu af sama meiði og ýmis önnur fyrirmæli laganna um fjölda nafna, sbr. 2. mgr. 1. gr., 1. mgr. 4. gr. og 1. mgr. 6. gr. þeirra. Stefndu telji að fyrrgreind túlkun þeirra á orðalagi 2. mgr. 8. gr. laganna eigi sér enn fremur stoð í lögskýringargögnum sem og í forsögu laga nr. 45/1996.

Nafn manns varði einkalíf hans en friðhelgi einkalífs sé varin af ákvæðum 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár og í 1. mgr. 8. gr. MSE, sbr. lög nr. 62/1994. Af réttarframkvæmd verði þó ráðið að reglur um nafnaval manna feli ekki endilega í sér takmarkanir á friðhelgi einkalífs, heldur verði þá að meta það hverju sinni hvort reglur og ákvarðanir hins opinbera um mannanöfn séu þess eðlis að friðhelgi einkalífs samkvæmt framan- greindu geti talist skert. En stefndu telji friðhelgi einkalífs hér ekki hafa verið skerta.

Lögum samkvæmt sé ekki unnt að verða við beiðnum fyrirsvarsmanna stefnenda um að skrá nöfn stefnenda svo að þau beri þrjú kenninöfn, þ.e. ættarnöfnin Patriarca og Kruger ásamt föðurnafni stefnenda. Eigi að síður liggi fyrir að Þjóðskrá hafi talið heimilt samkvæmt lögum nr. 45/1996 að skrá bæði ættarnöfnin ásamt föðurnafni sem nöfn stefnenda í Þjóðskrá, fyrrnefnda ættarnafnið sem millinafn, sbr. 7. gr. laganna, en síðarnefnda ættarnafnið ásamt með föðurnafni sem kenninafn, sbr. 8. gr. Þannig sé nafnið Patriarca ekki á skrá yfir millinöfn sem hver og einn geti tekið sér, sbr. 3. gr. laga nr. 45/1996, heldur njóti það þeirrar verndar sem ættarnöfnum sé veitt í lögum.

Sé því byggt á því að umrædd ákvæði laganna, eins og þau hafi verið túlkuð af stefndu, eða ákvarðanir stjórnvalda, feli ekki í sér takmarkanir á réttindum stefnenda eftir fyrrgreindum ákvæðum stjórnarskrár og MSE. Þannig séu stefnendur kennd til beggja foreldra á þann hátt sem lög nr. 45/1996 heimili og með þeim hætti er stefnt hafi verið að við setningu laganna. Þau beri tvö ættarnöfn sem og föðurnafn í Þjóðskrá.

En verði þó talið að réttindi stefnenda samkvæmt þessum ákvæðum stjórnarskrár og MSE hafi verið takmörkuð byggir stefndu eftir sem áður á því að þær takmarkanir samræmist lagaáskilnaðarreglum 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 8. gr. MSE. Ætluð takmörkun byggir þá á sérstakri lagaheimild, sbr. fyrrgreind 2. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1996. Þau lagaákvæði séu skýr og stjórnsýsluframkvæmd hafi verið á sama veg óslitið frá gildistöku laganna 1. janúar 1997. Um þá framkvæmd séu til marks ákvæði 2. og 3. gr. reglna nr. 1025/2011 um skráningu nafna þegar ekki sé unnt að skrá nafn manns að fullu í Þjóðskrá og ekki hafi náðst samkomulag um hvernig með skuli fara.

Í lögum hafi lengi verið ákvæði um mannanöfn í því skyni að vernda íslenska tungu og nafnasiði, sérstaklega hinn íslenska kenninafnasiði. Ákvæði 2. mgr. 8. gr.

laga nr. 45/1996 og fleiri ákvæði laganna um leyfilegan fjölda nafna séu af þeim toga. Í samræmi við réttarframkvæmd byggi stefndu á því að umrædd markmið séu í þágu réttinda og frelsis annarra. Veigamiklir samfélagslegir hagsmunir séu taldir styðja við þau markmið að vernda beri íslenska tungu og nafnasiði. Ekki séu því efni til þess að hnekkja því mati löggjafans að brýna nauðsyn beri til fyrrgreindra takmarkana vegna réttinda annarra í skilningi 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrár og 2. mgr. 8. gr. MSE.

Svigrúm löggjafans til að setja reglur um mannanöfn sé víðtækt. Jafnframt hafi löggjafinn nægilega gætt meðalhófs með 7. og 8. gr. laga nr. 45/1996, svo sem þeim hafi verið breytt við þinglega meðferð. Þá sé áðurgreind túlkun stefndu, sem feli í sér að stefnendum sé heimilt að bera tvö ættarnöfn og föðurnafn, einnig í samræmi við sjónarmið um meðalhóf og jafnræði og áðurgreind ákvæði stjórnarskrár og MSE. Sú tilhögun, að skrá ættarnafn fremur sem millinafn en að heimila mönnum að skrá fleiri en tvö kenninöfn, styðji við þann lögmæta tilgang að vernda íslenska kenninafnasiðinn, án þess að stefnendum verði gert að kasta ættarnafni sínu. Tilgangur þess að komið hafi verið á fót nýjum flokki nafna, millinöfnum, með lögum nr. 45/1996 hafi verið sá að mæta auknum kröfum um frjálsræði í nafnavali. Upptaka millinafna hafi þannig verið talin geta orðið íslenska kenninafnasiðnum til eflingar.

Vandséð sé að 5. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1996 hafi þýðingu fyrir sakarefni málsins er lúti að lögmæti þess að annað umræddra ættarnafna sé skráð sem millinafn en hitt ásamt föðurnafni sem kenninafn. Verði ekki séð að ákvæðið hafi þýðingu við úrlausn þess hvort það eigi sér stoð í 2. mgr. 8. gr. laganna að stefnendum sé óheimilt að bera fleiri en tvö kenninöfn. Í öllu falli sé því mótmælt að stefnendur eigi rétt samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1996 á að bera þrjú eða fleiri kenninöfn. Fyrirsvarsmaðurinn Elisabeth hafi tekið upp ættarnafnið Kruger í kvenlegg sem kenninafn með beiðni 11. júlí 2011 og hún því hvorki borið bæði ættarnöfnin við gildistöku laganna né í gildistíð eldri laga nr. 37/1991. Þá liggi fyrir að móðir hennar hafi tekið upp umrætt ættarnafn sem kenninafn 19. september 2000. Hún hafi því ekki heldur borið ættarnafnið við gildistöku laganna eða í gildistíð eldri laga nr. 37/1991. Öllum málatilbúnaði af hálfu stefnenda sem byggi á 5. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1996 sé því mótmælt.

Því sé mótmælt að stefnendum hafi verið mismunað í andstöðu við jafnræðisreglur 65. gr. stjórnarskrár og 11. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 og að áður greint lögbundið fyrirkomulag kenninafna og millinafna hér á landi brjóti gegn samningi SP um réttindi barnsins. Þá telji stefndu að það valdi ekki ógildi umræddra úrskurða dómismálaráðuneytisins þótt fyrirsvarsmönnum stefnenda hafi ekki verið tilkynnt sérstaklega í upphafi árs 2014 að nafnið Patriarca hafi verið skráð sem millinafn stefnandans Hrafnkötlu Ylju. Þegar í ljós hafi komið að svo virtist sem láðst hefði að upplýsa þau um að einungis væri heimilt að bera tvö kenninöfn hafi athygli þeirra verið vakin á því að þau gætu valið um hvort ættarnafnanna væri skráð sem millinafn.

Með vísan til alls framangreinds sé það afstaða stefndu að fyrrgreindir úrskurðir dómsmálaráðuneytisins séu hvorki haldnir form- né efnisannmörkum sem valdi ógildi þeirra. Öndverðum málalítilbúnaði af hálfu stefnenda sé mótmælt sem röngum.

Um lagarök vísist til alls framangreinds og þá einkum til 71. gr. stjórnarskrár, til 8. gr. MSE, til 7. og 8. gr. laga nr. 45/1996 og til almennra reglna stjórnskipunar- og stjórnásluréttar. Málskostnaðarkrafa byggja á ákvæðum XXI. kafla laga nr. 91/1991.

Niðurstaða

Ágreiningur málsaðila afmarkast einkum við það álitaefni hvort stefndu hafi verið stætt á því að túlka ákvæði 2. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1996 um mannanöfn svo að það girti fyrir framangreinda beiðni stefnenda um það að fá að bera fleiri en tvö kenninöfn, sbr. enn fremur önnur ákvæði laganna, einkum í 5. mgr. 8. gr. þeirra. En auk þess telja stefnendur slíka túlkun stefndu og þá framkvæmd laganna fara á svig við 71. og 65. gr. stjórnarskrár, 8. gr. MSE, sbr. lög nr. 62/1994, samning SP um réttindi barnsins, sbr. lög nr. 18/1992, og einnig 11. gr. stjórnáslulaga nr. 37/1993. Krefjast stefnendur því ógildingar framangreindra úrskurða stefnda dómsmálaráðuneytisins sem staðfesta umræddar ákvarðanir stefnda Þjóðskrár Íslands líkt og í dómkröfum stefnenda greinir.

Stefndu telja umrædda lagatúlkun og stjórnarframkvæmd rétta og krefjast sýknu.

Fallist er á það með stefnendum að réttur manna til nafns njóti verndar friðhelgi einkalífs samkvæmt 1. mgr. 71. gr. stjórnarskrár og 8. gr. MSE, sbr. lög nr. 62/1994, sem og að stjórnvöld geti ekki skert þann rétt nema til þess standi sérstök lagaheimild og brýna nauðsyn beri til vegna réttinda annarra, sbr. 3. mgr. 71. gr. stjórnarskrár.

Hvað varðar málsástæður stefndu, þá er vísað til þess að slíkum réttindum kunni þó að vera settar skorður, t.d. með því að takmarka fjölda kenninafna einstaklinga, þá óháð tækum fjölda ættarnafna, sbr. héraðslög nr. 45/1996 og framkvæmd þeirra. En í 1. og 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 45/1996 um mannanöfn, er felur í sér ákvæði um kenninöfn og mögulegan fjölda þeirra í tilviki einstaklings, þá segir eftirfarandi:

Hver maður skal kenna sig til föður eða móður nema hann eigi rétt á að bera ættarnafn og kjósi að gera svo, sbr. 5. mgr. Manni er enn fremur heimilt að kenna sig til beggja foreldra sinna eða bera ættarnafn sem hann á rétt á til viðbótar því að kenna sig til föður eða móður.

Sem rakið er að framan byggja hér umræddar ákvarðanir stefndu á þeirri túlkun að framangreint ákvæði sé ótvírætt takmarkandi í þá veru að það fyrirbyggja að sérhver einstaklingur geti borið fleiri en tvö kenninöfn, þó svo að heimilt sé að nota til viðbótar ættarnafn, en þá skráð sem svonefnt millinafn, sbr. ákvæði 7. gr. laganna, líkt og gildi um stefnendur. En rökin fyrir reglunni í 2. mgr. 8. gr. séu einkum þau að fyrirbyggja ótakmarkaðan fjölda kenninafna einstaklings, er færi í bága við íslenskar nafnahefðir,

sbr. auðsýndan vilja löggjafans í þessum efnunum, sem endurspeglar m.a. glögglega í þinglegri meðferð laga nr. 45/1996 við setningu þeirra og sem vísað er til að framan.

Að mati dómsins verður að fallast á með stefndu að ljóst sé af þinglegri meðferð laganna, þ. á m. hvað varðar umrædd ákvæði þeirra um kenninöfn, að vilji löggjafans hafi þá ljóslega verið sá að viðhafa umræddar takmarkanir á fjölda kenninafna í þeim tilgangi að slá skjaldborg um hinn íslenska kenninafna sið, þó svo að skapað hafi verið frekara svigrúm varðandi ættarnöfn almennt, m.a. með ákvæðunum um millinöfn. Er jafnframt fallist á það með stefndu að umræddar takmarkanir og framsetning þeirra í lögnum falli innan þess svigrúms sem löggjafinn teljist hafa í þessum efnunum m.t.t. mats á samfélagslegum hagsmunum og með hliðsjón af meðalhófi sem lögin virðast og taka mið af. Verður því ekki fallist á með stefnendum að umrædd túlkun á lögnum og framkvæmd þeirra af hálfu stefndu teljist við svo búið fara í bága við áskilnað 71. og 65. gr. stjórnarskrár, né heldur að sýnt sé hér fram á það að farið sé með því á svig við skuldbindingar samkvæmt 8. gr. MSE eða í samningi SP um réttindi barnsins. Þá verður ekki fallist á það að önnur ákvæði laga nr. 45/1996 knýi hér á um aðra túlkun.

Með hliðsjón af öllu hér framangreindu verður að mati dómsins ekki talið að aðrar fram komnar röksemdir eða málsástæður aðila hafi við svo búið sérstaka þýðingu eða að þær geti leitt hér til annarrar niðurstöðu, sbr. e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991.

Að öllu framangreindu virtu og með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum verður það því niðurstaða dómsins að sýkna beri stefndu af dómkröfum stefnenda í máli þessu.

Í ljósi málsatvika þykir þó rétt að málskostnaður á milli aðila skuli falla niður.

Málið flutti fyrir stefnendur Sigrún Ingibjörg Gísladóttir lögmaður, en fyrir stefndu flutti málið Þorvaldur Hauksson lögmaður.

Pétur Dam Leifsson héraðsdómari kveður upp dóminn.

Dómsorð:

Stefndu, Þjóðskrá Íslands og íslenska ríkið, eru sýknaðir af dómkröfum stefnenda, Elisabeth Patriarca Kruger og Karls Jóhanns Garðarssonar, f.h. Hrafnkötlu Ylju Patriarca Kruger Karlsdóttur og Arntýs Áss Patriarca Kruger Karlssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.

Pétur Dam Leifsson